

Reykjanesbæ, 22.11.2022

Í framhaldi af kynningarfundum Kólku sorpeyðingar fyrir sveitarstjórnarfólk á Suðurnesjum sem haldinn var fimmtudaginn 17. nóvember 2022 óskar stjórn Kólku eftir samþykki sveitarfélaganna við eftirfarandi tillögum:

1. Söfnun úrgangs frá heimilum.

Í lögunum sem taka gildi um áramót er skýr krafa um söfnun í fjóra úrgangsflokka á heimilum. Pappír og plasti verður safnað í sitthvort ílátið og auk þess er krafa um sérsöfnun á lífrænum úrgangi auk óflokkaðs/óendurvinnanlegs úrgangs. **Stjórn Kólku leggur til við sveitarfélögin á Suðurnesjum að keypt verði tvískipt 240 lítra ílát til söfnunar á almennum úrgangi til brennslu annars vegar og lífrænum úrgangi til gas- og jarðgerðar hinsvegar. Miðað verði við losun allra íláta á þriggja vikna fresti og reynsla af því fyrirkomulagi verði lögð til grundvallar í nýju útboði á síðari hluta ársins 2023.**

Verðmunur á kaupum á einu tvískiptu íláti og tveimur sjálfstæðum er óverulegur. Það hefur hins vegar verið mat stjórnarinnar, í umfjöllun um mismunandi lausnir um áramót að eitt ílát til viðbótar sé það sem flestum íbúum í sérbýli muni henta. Fyrir fjölbýlishús verða ekki keypt tvískipt ílát heldur bætt við 140 lítra íláti fyrir söfnun á lífrænum úrgangi.

Hafa ber í huga að það fyrirkomulag sem við tökum upp á næsta ári er skref á lengri vegferð. Öll reynsla sem fæst af notkun mismunandi íláta sem og reynsla af hirðutiðni verður nýtt til að þróa þjónustuna áfram svo flestum henti.

2. Fjármögnun söfnunaríláta.

Stjórn Kólku leggur til við sveitarfélögin á Suðurnesjum að við kaup á söfnunarílátum (heimilissöfnun) verði sterk lausafjárstaða Kólku nýtt til að auðvelda kaupin.

Reikna má með að kostnaðurinn vegna kaupanna verði um 120 milljónir. Kalka getur fjármagnað kaupin og sveitarfélögin geta nýtt innviðaframlög frá Úrvinnslusjóði til að greiða þau niður á 10 – 15 árum.


Sjóðurinn vinnur nú að úrfærslum á þessum framlögum en lagt er upp með að sveitarfélögin geti fjármagnað þessi kaup með láni með allt að 7% vöxtum.

Með því að fjármagna kaupin með veltufé frá rekstri Kólku opnast ávöxtunartækifæri og tækifæri til að forðast óþarfa lántöku hjá sveitarfélaginu.

Með vísan til laganna og ábyrgðar sveitarfélaga í úrgangsmálum óskar stjórn Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. eftir að Reykjanesbæjr, Vogar, Suðurnesjabær og Grindavíkurbær samþykki ofangreindar tillögur eða upplýsi Kólku um sín áform ef þau eru ekki í samræmi við tillögurnar. Framkvæmdastjóri veitir fúslega allar frekari upplýsingar verði eftir þeim kallað.



Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri



Ingþór Guðmundsson, stjórnarformaður